

Alþingi
Erindi nr. P 139/1214
komudagur 2.2.2011

From: Páll Gunnar Pálsson [mailto:PallGunnar@samkeppni.is]
Sent: 2. febrúar 2011 13:38
To: Eiríkur Áki Eggertsson
Cc: Snorri Stefánsson
Subject: RE: Efnahags- og skattanefnd - næsti fundur

188. mál

Sæll Eiríkur Áki,

Vísað er til tölvupósts þins, dags. 20. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Samkeppniseftirlitsins um það hvaða reglur félagaréttar, til fyllingar þeim sem koma fram í lögum nr. 42/1983, muni gilda um starfsemi Landsvirkjunar verði frumvarpið að lögum og hvað (áhrif) óvissa í þeim efnum geti haft á samkeppnisaðila og viðsemjendur hans.

Rétt er í upphafi að áréttu að það fellur undir lögsögu Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) að taka afstöðu til þess hvort ríkisstyrkir uppfylli skuldbindingar EES-samningsins. Þeim skuldbindingum er m.a. ætlað að tryggja jafna stöðu fyrirtækja á samkeppnismörkuðum. Glögglega kemur fram í greinargerð með frumvarpi á máli nr. 188 að það sé lagt fram til að koma til móts við tilmæli ESA í þessu efni. Í þeim breytingum felist að ríkisábyrgð sé ekki ótakmörkuð, hún nái eingöngu til lánaskuldbindinga og að fyrir ábyrgðina sé greitt hæfilegt ríkisábyrgðagjald. Jafnframt er rétt að taka fram að það er sömuleiðis ESA að meta hvort framkomnar breytingartillögur uppfylli umrædd tilmæli. Það mat er því ekki í höndum Samkeppniseftirlitsins. Af hálfu Samkeppniseftirlitsins hefur því verið lýst að breytingar sem þessu tengjast, sem fram koma í frumvarpi til laga um breytingar á lögum um ríkisábyrgðir (187. mál), feli í sér jákvæða breytingu sem geti orðið til þess að styrkja samkeppni á þeim mörkuðum þar sem fyrirtæki starfa sem njóta ríkisábyrgðar.

Að því er varðar fyrirspurn um nefndarinnar um reglur félagaréttar til fyllingar lögum nr. 42/1983, er rétt að taka fram að af þremur helstu keppinautum á markaði fyrir sölu raforku til stórnotenda er einn þeirra rekinn sem hlutafélag (Hitaveita Suðurnesja). Tveir þeirra eru reknir sem sameignarfyrirtæki, samkvæmt sérstökum lögum, sbr. lög nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur og lög nr. 42/1983, um Landsvirkjun. Í báðum lögum er að finna ákvæði sem skapa félagaréttarlegan grunn fyrir rekstri fyrirtækjanna. Í greinargerð með lögnum um OR er tekið fram að almenn lög um skipulag raforkumála og önnur lög og reglur taki til fyrirtækisins nema annað leiði af ákvæðum frumvarpsins.

Samkeppniseftirlitið hefur ekki haft til umfjöllunar erindi eða athuganir vegna framangreindra sameignarfyrirtækja sem varða félagaréttarlegan grunn þeirra, að undanskyldu því álitaefni sem umrædd frumvörp tekur á, auk álitaefna sem tengjast aðskilnaði miili samkeppnisstarfsemi og einkaleyfisstarfsemi orkufyrirtækja. Að því er varðar aðskilnað samkeppnisstarfsemi og einkaleyfisstarfsemi er rétt að vekja athygli á nýlegri umsögn Samkeppniseftirlitsins til iðnaðarnefndar, dags. 10. desember 2010, um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum (frestun gildisstöku ákvæðis um aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi) – 204. mál. Mælti Samkeppniseftirlitið gegn samþykkt frumvarpsins.

Samkeppniseftirlitið hefur ekki ráðist í athuganir á áhrifum félagsforms viðkomandi fyrirtækja á samkeppni að öðru leyti. Því hefur Samkeppniseftirlitið ekki undir höndum vísbendingar, aðrar en að framan greinir, sem kalla á athugasemdir af hálfu þess.

Með kveðju,

Páli Gunnar Pálsson
Forstjóri / Director General